

FUNDARGERÐ

352. fundur stjórnar HEF veitna ehf., haldinn Gistihúsinu Egilsstöðum, þriðjudaginn 8. apríl 2025 kl. 14:00.

Mætt eru:

Ágústa Björnsdóttir (ÁB), Eyþór Stefánsson (ES), Ívar Karl Hafliðason (ÍKH) – í fjarfundi að hluta, Helgi Hlynur Ásgrímsson (HHÁ), Vilhjálmur Jónsson (VJ) og Aðalsteinn Þórhallsson (AÞ) framkvæmdastjóri.

Gestir á fundinum: Undir lið #1-#3: Jón Jónsson, lögmaður

Undir lið #3: Gunnar Jónsson, fyrrum stjórnarformaður

Ágústa Björnsdóttir stýrði fundinum.

Dagskrá:

- 1 Stjórn skiptir með sér verkum – uppgjör aðalfundar
- 2 Samorka – aðal- og ársfundur 2025
- 3 Mál fyrrum framkvæmdastjóra gegn félaginu
- 4 Fjárhagur og rekstraráætlun
- 5 Samorkuþing 2025 á Akureyri
- 6 Verkefni í gangi / áætlanir
 - a. Melshorn
 - b. Vatn á Eiðum
 - c. Vatn á lðavöllum
 - d. Seyðisfjörður – fjarvarmaveita og jarðhitaleit
 - e. Djúpivogur – jarðhitaleit og vatnsveita
 - f. Gatnagerð á Egilsstöðum
 - g. Borgarfjörður
 - h. Fellabrún 1
- 7 Starfsmannamál og auglýsing
- 8 Önnur mál
 - a. *Vegna hlutverkaskipta í stjórn*

1 Stjórn skiptir með sér verkum – uppgjör aðalfundar

Vilhjálmur Jónsson setur fund og spyr um lögmæti fundar, engar athugasemdir gerðar.

Hann leggur til að Ívar Karl Hafliðason verði formaður stjórnar.

Samþykkt samhljóða.

Vilhjálmur felur Ívari stjórn fundarins.

Tillaga formanns að skiptingu hlutverka eftirfarandi:

Vilhjálmur Jónsson, varaformaður

Ágústa Björnsdóttir, ritari

Samþykkt samhljóða.

Ívar tekur þátt í fundinum um fjarfundabúnað og óskar eftir að varaformaður taki við stjórn fundarins.

Staðfest fundargerð aðalfundar liggur fyrir fundinum.

Fundarmenn ánægðir með nýafstaðinn aðalfund og telja að það fyrirkomulag fundarins verði næst með svipuðu móti varðandi framsögur og gesti.

2 Samorka – aðal- og ársfundur 2025

Aðalfundur Samorku var haldinn 19. mars. HEF veitur hlutu kjör til sætis í stjórn samtakanna, sem framkvæmdastjóri skipar.

Metnaðarfullur ársfundur var haldinn sama dag og sóttu nokkrir sveitarstjórnarfulltrúar Múlaþings fyrri hluta fundarins. Samfélagið virðist sífellt meira meðvitað um mikilvægi orku- og veitunnviða.

Til upplýsingar.

Gunnar Jónsson mætir til fundarins

3 Mál fyrrum framkvæmdastjóra gegn félaginu

Lögmaður félagsins (JJ) og fyrrum stjórnarformaður (GJ) mæta til fundarins. Ítarleg umræða um málið og stöðu þess.

JJ og GJ yfirgefa fundinn.

Ívar Karl mætir til fundarins í eigin persónu.

Stjórn samþykkir samhljóða að sækja um áfrýjunarleyfi til Hæstaréttar vegna niðurstöðu Landsréttar í dómi 20. mars s.l. Lögmanni félagsins falið að skila slíkri beiðni til Hæstaréttar.

4 Fjárhagur og rekstraráætlun

Fyrir liggja gögn um rekstur félagsins í janúar og febrúar. Til upplýsingar.

5 Samorkuþing 2025 á Akureyri

Skráning á Samorkuþing 22.-23. maí á Akureyri er í fullum gangi. 4 starfsmenn HEF hafa skráð sig. Stjórnarmenn skoða hvort þeir hafa tök á að mæta og upplýsa framkvæmdastjóra sem fyrst.

6 Verkefni í gangi / áætlanir

a. Melshorn

Stefnt á að auglýsa útboð uppsteypu og lokun byggingarinnar á næstu dögum. Útboðsgögn verði afhent frá og með 15. apríl.

b. Vatn á Eiðum

Yfirferð á dælum og búnaði í holum er yfirstandandi. Allur búnaður virðist í ágætu standi. Ólíklegt talið að hægt sé að ná meiru úr holunum. Ágústa lýsir yfir áhyggjum sínum af ástandi vatnsmála á Eiðum.

c. Vatn á Iðavöllum

Undirbúningur endurnýjunar vatnstökubrunns er hafin, eftir að borun skilaði ekki árangri.

d. Seyðisfjörður – fjarvarmaveita og jarðhitaleit

Reynt var að komast með borinn upp á borplanið í hlíðinni, en vegna aurbleytu í slóðanum reyndist það ógerlegt. Reynt verður við fyrsta tækifæri.

e. Djúpivogur – jarðhitaleit og vatnsveita

ÍSOR mældi sex holur á jarðhitaleitarsvæðinu í síðustu viku og vinna nú úr gögnum.

Jarðfræðingur HEF fundar á morgun með ÍSOR varðandi niðurstöður mælingar.

Enn er beðið eftir dælum í vatnsveituna í Búlandsá, en von er á þeim eftir páska.

f. Gatnagerð á Egilsstöðum

Austurverk hefur tekið að sér endurnýjun lagna í Hjarðarhlíð og Bláskógum að undangengnu útboði. Íbúafundur í Hjarðarhlíð verður boðaður 14. apríl og stefnt á að hefja framkvæmdir strax eftir páska.

g. Borgarfjörður

Byggingarleyfi vegna stækkunar tæknirýmis er í afgreiðsluferli hjá Múlaþingi.

h. Fellabrún 1

Framkvæmdir langt á veg komnar í skrifstofuhúsnæði HEF veitna í Fellabrún 1 og reiknað með að innanhúsframkvæmdum ljúki að mestu í maí. Tímabundin aðstaða starfsfólks er í nýju fundarherbergi meðan vinnurými er endurbyggt. Hluti starfsfólks hefur aðsetur á Setrinu, Fagradalsbraut 11A.

7 Starfsmannamál og auglýsing

Stefán Númi Stefánsson lét af störfum hjá félaginu í byrjun mars 2025.

Embla Rán Gísladóttir lét af störfum hjá félaginu 31. mars 2025.

Stjórn þakkar Stefáni og Emblu framlag þeirra og óskar þeim velfarnaðar.

Auglýsing er nýlega birt þar sem óskað er eftir umsóknum um störf við Fjarvarmaveituna á Seyðisfirði, iðnaðar- og aðstoðarfólk í starfsstöð félagsins í Fellabæ.

8 Önnur mál

a. Vegna hlutverkaskipta í stjórn

Ágústa kveður sér hljóðs og þakkar stjórn og framkvæmdastjóra ánægjuleg samskipti sem formaður stjórnar undanfarin 3 ár. Stjórn og framkvæmdastjóri þakka sömuleiðis framlag Ágústu í sæti formanns.

Næsti fundur verður boðaður með dagskrá.

Fundi slitið kl. 18:25

Fundargerð ritaði Aðalsteinn Þórhallsson.

